

2004030043

4607; 9310

Vesturbyggð  
Guðmundur Guðlaugsson, bæjarstjóri  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 21. maí 2004

**Efni: Landfylling og hafnaraðstaða fyrir kalkpörungaverksmiðju á Bíldudal, Vesturbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Vesturbyggðar dags. 29. mars 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða landfyllingu og hafnaraðstöðu fyrir kalkpörungaverksmiðju á Bíldudal samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 2 a og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 1. apríl 2004, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 6. maí 2004, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 2. apríl 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. maí 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 12. maí 2004.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

Til efni fyrirhugaðra framkvæmda er sá að Íslenska kalkpörungafélagið ehf. hefur fengið leyfi fyrir kalkpörunganámi úr Arnarfirði og vinnsluleyfi fyrir kalkpörungamjölsvinnslu.

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að afmarka um 17.000 m<sup>2</sup> fyllingarsvæði austan við höfnina á Bíldudal með fyrirstöðugarði og verður heildarlengd garðsins um 370 m. Á fyllingunni verður lóð kalkpörungaverksmiðju, 5.000 m<sup>2</sup> setþró fyrir uppðælt efni og hafnaraðstaða, þ.m.t. 80 metra viðlegukantur með 10 m dýpi. Búið er að raska sjávarbotni á stórum hluta þess svæðis sem fyllingin nær yfir. Til verksins er áætlað að þurfi 60.000 m<sup>3</sup> af sprengdu grjóti og 75.000 m<sup>3</sup> af fyllingarefni. Fyrirhugað er að taka allt sprengda grjótið úr námu við vegskeringu í Tagli í norðanverðum Hálfván. Gert er ráð fyrir að efnið verði unnið samsíða veginum og að síðasti hluti námunnar verði sprengdur niður og

látinn mynda skriðu að veginum. Ofan á klöppinni í Tagli eru 20.000-25.000 m<sup>3</sup> af jökulurð sem gert er ráð fyrir að verði notuð í landfyllinguna. Fyrirhugað er að taka annað fyllingarefni annað hvort af botni Fossfjarðar á um 6-12 m dýpi, 200-250 m frá landi eða úr Búðargili. Líklegt er talið að efnið úr Búðargili geti ekki orðið nema hluti fyllingarefnisins. Verði Búðargil fyrir valinu er lagt til að farvegur í botni gilsins verði breikkaður en með því að skilja eftir traustan kant í utanverðum farveginum verði þess gætt að hætta á krapahlaupum úr gilinu aukist ekki vegna efnistökkunar.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að aurkeilan í Búðargili sé lítt gróin og dýralíf afar fáskrúðugt. Fram kemur að grjótnáman í Tagli sé í fremur gróðursnauðum hraunlögum. Á botni Fossfjarðar er gróf sjávarmöl. Engar sjávarnytjar eru stundaðar á svæðinu. Fram kemur að samráð hefur verið haft við Hafrannsóknarstofnunina um athugun á lífríki á sjávarbotni bæði í Fossfirði og á fyrirhuguðu svæði landfyllingarinnar.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili telji að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, Hafrannsóknarstofnunarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar er ekki talið að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum.

**Lífríki á hafsbotni.** Í umsögn Hafrannsóknarstofnunarinnar kemur fram að rannsókn á lífríki botnsins bæði á hafnarsvæðinu þar sem landfylling á að vera og í Fossfirði, þar sem efnistaka sé fyrirhuguð hafi farið fram. Niðurstöður hennar sýni að lífríki sé fremur fábreytt á báðum athugunarstöðum. Allar tegundir sem hafi fundist séu algengar grunnsævistegundir sem finnast víða hér við land. Engin sjaldgæf tegund fannst.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða efnistöku og landfyllingu með viðlegukanti fyrir kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal í Vesturbyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2 a og 13 a í 2. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif af völdum fyrirhugaðrar efnistöku í Tagli í Hálfháni, í Búðargili og á botni Fossfjarðar séu óveruleg. Efni hefur þegar verið tekið úr námu í Tagli og verður efnistaka með sama hætti og verið hefur, þ.a. skeringar samhliða veginum verða víkkaðar. Verði efni tekið úr Búðargili með því að breikka farveginn og leitast við að halda núverandi formi hans telur Skipulagsstofnun að dregið verði úr sjónrænum áhrifum efnistökkunar og eru líkur til að leysingavatn muni afmá að einhverju leyti sýnileg ummerki hennar. Samkvæmt rannsóknum Hafrannsóknarstofnunarinnar einkennist hafsbotninn í Fossfirði og á svæði fyrirhugaðrar landfyllingar á hafnarsvæðinu af fremur fábreyttu lífríki. Skipulagsstofnun telur því að áhrif framkvæmdanna á lífríki botnsins verði staðbundin og fremur lítil.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun

farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að landfylling og hafnaraðstaða fyrir kalkþörungaverksmiðju á Bíldudal, Vesturbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í auglýsingu er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Bíldudals 1986-2006 vegna landfyllingar á hafnarsvæðinu. Gerð deiliskipulags fyrir sama svæði er í vinnslu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi þegar breyting á Aðalskipulagi Bíldudals hefur verið staðfest og samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Efnistaka á landi er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun en efnistaka á hafsbotni er háð leyfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins skv. lögum nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins. Tilhögun efnistöku úr vegskeringu við Tagl þarf að vera í samráði við Vegagerðina.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 21. júní 2004.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit. Umhverfisráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Hafrannsóknarstofnunin, Siglingastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.